

69

19. júní

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 1927 skal til ársloka 1934 innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Asgeir Asgeirsson.

70

19. júní

L Ö G

um útflutning saltaðrar síldar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sérhver tunna saltaðrar síldar, sem út er flutt, skal vera auðkennd þannig, að það sjáist, að síldin sé íslensk og á hvern hátt hún er verkuð, ásamt ein-